



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Kristnihátíð Snæfells- og Dalaprófastsdæmis
Stykkishólmi
31. október 1999

Góðir hátíðargestir

Upphaf helgrar bókar er óður til sköpunarinnar; frásögnin einföld og tær, minnir á ljóð frá fornri tíð sem lifað hafa með þjóð okkar fram til þessa dags.

Genesis – fyrsta bók Móse hefur fylgt kristninni á langri vegferð, frá göngu frelsarans um landið helga milli vatna og þorpa, um Galileu til Jerúsalem; fullvissa sótt í frásögnina um upphaf lífs, um myrkrið sem grúfði yfir djúpunum og sköpunarvilja Guðs; um ljósið sem lífið gefur, birtuna, morguninn, hinn fyrsta dag.

Síðan komu jörðin og festingin yfir, grösin græn, sáðjurtir og aldintré, fuglar og fiskar, fénaður og villidýr.

Og Guð sagði: „Sjá, ég gef ykkur alls konar sáðberandi jurtir á allri jörðinni, og alls konar tré, sem bera ávöxtu með sæði í. Það sé ykkur til fæðu. Og öllum villidýrum og öllum fuglum loftsins og öllum skriðkvikindum á jörðinni, öllu því sem hefir lifandi sál gef ég öll grös og jurtir til fæðu. Og það varð svo. Og Guð leit allt sem hann hafði gjört, og sjá, það var harla gott. Það varð kveld og það varð morgunn, hinn sjötti dagur.”

Frásögnin um sköpun heimsins hefur um aldir og árþúsund verið kjölfesta í trúarvissu og veraldarsýn kristinna manna. Hvarvetna hafa einstaklingar og fjölskyldur, söfnuðir og kristin samfélög leitað samsvörunar og staðfestingar í umhverfi sínu, dalnum, sveitinni, firðinum, sléttunni – reynt að greina í margradða hljómkviðu náttúrunnar enduróm af þessarar miklu sögu, frásögninni um hina fyrstu daga.

Langt þarf að leita í veröldinni til að finna slíka verkstöð sköpunarinnar, slíkt sýnishorn af kraftbirtingu guðdómsins í sjálfri náttúrunni og hér getur að líta á Snæfellsnesi, við Breiðafjörð og um Dali.

Eldgjár og eyjar, jökullinn og hin helgu fjöll, grænir balar og brúnrauð möl, stafróf litanna í eilífum leik við ljós og birtu.

Og skáld aldarinnar, ef ekki árpúsundsins, skáldið sem gaf okkur ljós heimsins og klukku Íslands, hefur í ódauðlegum texta um hið ljósa man og bjargvætt fornra bóka gert Breiðafjörðinn að öndvegi dýrðarinnar þegar íslenskt mannlíf og náttúra skapa hinn hreina tón.

„Við Breiðafjörðinn eru fallegar jarðir, æðarfugl í hverri vör, selur sefur á steini, laxar stökkva fossa, fugl í eyum, grundir við sjóinn, kjarrvaxnar hlíðar, grösug fjallaskörð, en efra víðlendar lyngheiðar með ár og fossa. Bæirnir standa á grænum böllum uppúr einginu og vita útá fjörðinn, og í logni hafa hólmanir og skerin flosmjúkan skugga sem titrar,“

Breiðafjörður, Snæfellsnes og Dalir urðu þegar við upphaf Íslandsbyggðar miðstöð mannlífs og trúar, heimkynni kristinna manna á landsnámsskeiði, heimahagar þeirra sem buðu óvissunni birginn og ýttu úr vör til að sigla yfir ókunn höf og kanna nýja heima, ný lönd og álfur, innblásnir trúarhita og þeirri bjargföstu ætlan að boða fagnaðarerindið á framandi slóð.

Það hefur gleymst um of að sæfarendur frá ykkar heimaslóðum, fóstraðir í Haukadalnum, voru reyndar í erindum kristinnar, vígðir trúboði og helgri bók þegar þeir fundu Vínlandið góða og urðu fyrstir íbúa álfu okkar til að búa á heimavelli þess stórveldis sem nú ræður mestu á vettvangi viðskipta og vígbúnaðar; – það hefur stundum gleymst að Leifur og Guðríður voru kristnir landkönnuðir og hún reyndar fyrst allra kristinna manna til að sækja heim bæði Róm og Ameríku, lifandi sönnun þess að hinn kristni dómur átti við upphaf þess árpúsunds sem senn tekur enda víðara ríki en meginland Evrópu, náði og yfir hafið til nýrrar álfu.

Hér er táknbyggð þessarar miklu sögu, upphaf þeirrar ferðar sem einstök hefur orðið í annálum veraldar, ferðar sem veitir okkur Íslendingum ekki aðeins tilkall til hásetis í sögu landafunda heldur og ekki síður í annálum um útbreiðslu kristinnar trúar um álfuna miklu, álfuna sem Vestlendingar tengdu fyrstir sögu og menningu vestrænna manna, álfuna sem hvarf síðan um stund í huliðspöku aldanna uns aftur hálfu árpúsundi síðar að farið var að sækja þangað á ný.

Þannig skipa heimaslóðir ykkar ekki aðeins einstæðan sess í kristnisögu okkar Íslendinga heldur einnig heimsins alls. Mér er í fersku minni hvernig það kom fram með skýrum hætti þegar við fulltrúar lýðveldis og þjóðkirkju gengum á liðnum vetri saman til samræðna í Páfagarði. Í tilsvörum oddvita Hans Heilagleika birtist okkur viljinn til að heiðra þennan merka kafla í heimssögu kristninnar með sameiginlegum viðburðum og hátíðum í kjölfar vegamótanna sem við senn stöndum á.

Breiðafjörður, Snæfellsnes og Dalir.

Hér er svo sannarlega fagurt um að litast, sögusvið mikilla atburða, sporin djúp í menningu okkar og trúarlífi.

Hér bjó Snorri goði sem kirkju reisti í kjölfar kristnitöku og hvatti það menn mjög til kirkjugerðar eins og frá er greint í fornum sögum. Í Eyrbyggju segir, að það var „fyrirheit kennimanna að maður skyldi jafnmörgum mönnum eiga heimilt rúm í himnaríki sem standa mættu í kirkju þeirri er hann lét gera.“

Hér var hin einstæða menntastöð í Helgafellsklaustri, lærdómssetri sem mótaði meira en flestir aðrir staðir sagnaritum fyrri tíðar.

Fyrst var klaustrið í Flatey; síðan undir lok tólftu aldar flutt að Helgafelli og segir svo í skjali einu sem varðveist hefur frá stjórnartíð hins fyrsta ábóta Ögmundar Karlssonar:

„Nú, ef eigi verður afl til að munklífi sé haldið, hvað sem að skortir, þá höfum vér ákveðið hver hér skal kennimannavist vera: fimm messusöngsmenn, djákn og súpdjákn, tvær messur hvern dag rúmhelgan, en svo helga daga sem forráðsmaður vill. Allt annað tíðahald sem sómir.“

Handritin frá Helgafelli voru fagurlega rituð og myndskreytt og margir kjörgripir komu héðan: fornsögur og lögbækur, konungasögur og frásagnir um helga menn og dóma.

Præðir sögu, mannlífs og trúar, óslitinn strengur frá kristnitöku til okkar aldar og má þá eigi gleyma ævisögu séra Árna sem Þorbergur skráði um öldina miðja þótt vissulega sé texti sá ólíkur þeim frásögnum sem áður voru í vestlenskum héruðum skráðar á skinn.

Kristnihátíð er því í senn minningarstund um mikla sögu, straum aldanna sem hér hefur lagt farvegi djúpa, en jafnframt tími umhugsunar, áminning um að láta ekki merki framfara og menningar niður falla, að helga hér einstakri náttúru fjórðungsins þá lotningu gagnvart sköpunarverkinu sem upphafstexti Biblíunnar hefur fært okkur sem ævarandi veganesti.

Kynslóðin sem nú ræður för í ríkjum heims – í viðskiptum, vísindum, stofnunum valds og menningar, kirkjum og trúarsöfnuðum – er hin fyrsta frá sköpun heimsins sem öðlast hefur þá getu sem í helgri bók er ætluð almættinu einu, getu til að skapa dómsdaginn sem engu eirir, tortíma lífi og heilsu, náttúrugæðum, vistkerfinu öllu, hvort heldur er með afli þeirrar ógnar sem fyrst var hleypt úr böndum í Hiroshima eða með hægfara breytingum á lífríkinu sjálfu, með menguninni sem framförum fylgir, breytingum á fari veðurs og loftlags, hita og sjávarborðs um veröld víða.

Við erum fyrsti ætliðurinn frá upphafinu í aldingarði sem stendur líkt og Guð sjálfur á fyrsta degi, veljum líkt og hann milli ljóss og myrkurs, dags og nætur, lífs eða auðnar.

Við höfum sköpunarverkið sjálft í höndum okkar og verðum að þora að axla þá ábyrgð sem valdið færir, horfast í augu við þann veruleika sem í valinu felst.

Hver er okkar ætlan? Hvert er förinni heitið? Hvert er svar þeirrar kirkju sem kennir sig við Krist? Hver er vilji presta og safnaða, einstaklinga, okkar allra sem játast höfum þeirri skyldu sem kristnin boðar?

Við vegamót hins nýja árpúsunds verða kirkja og kristinn heimur að ganga til orðræðu og athafna sem engin fordæmi eiga í arfi aldanna þó þar megi vissulega finna leiðarstef og áttavita.

Það er tækni mannsins og umsvif öll sem nú hafa sett sköpunarverkið sjálft á vogarskálar og spurt mun verða ætíð til hins efsta dags: Hvar varst þú? Hvað gerði ég? Hvað gerði kirkjan og samfélag kristninnar allt?

Verður sköpunin, hljómkviða náttúru og lífríkis, mannlífs og eilífrar endurnýjunar sem við höfum tekið í arf sú dýrðargjöf sem afkomendur okkar munu heiðra og þakka þegar að nýju verður komið að vegamótum árpúsunda og horft verður tíu aldir aftur til okkar tíma? Á slíkum krossgötum valds og vafa stöndum við kristnir menn fyrstir allra þegar

saman fara þúsund ára saga íslenskrar kirkju og tvö þúsund ár frá fæðingu frelsarans, leiðtogans sem boðaði skylduna að gjöra öllum það sem við vildum að þeir okkur gerðu.

Hér við Breiðafjörðinn, á Snæfellsnesi og í Dölum, við eyjar og sund, eldfjöll og jökul, íslenska náttúru í allri sinni óendanlegu dýrð og margbreytileika er kjörstaður til að hugleiða það hlutverk sem okkur hefur verið falið, hvert förinni er heitið, hvaða dagsverki skal skilað.

Líkt og ég nefndi við Vestfirðinga í vor er kristnihátíð ekki aðeins helguð minningu um höfuðklerka og sálmaskáld, lærdómsmenn og kirkjusmiði sem gert hafa guðspjónustunni fagra umgjörð og fært helgidóminn í glæstan búning.

Kristnihátíð er lofsöngur. Hún er óður til þeirrar heitu og staðföstu trúar á lífið sem fagnaðarerindið hefur kynt í brjóstum fólksins í litlum bæjum og byggðum með sjóinn á aðra hönd og fjöllin á hina. Hún er dýrðaróður til helgidómsins þar sem fólkið fann samstöðu sína og samlíðan með náunganum og kjark og þor til að sigrast á þeim erfiðleikum sem ávallt hafa fylgt búsetu hér vestra allt frá kristnitöku til nútíðar.

Kristnihátíð er hér helguð sjómönnum og bændum sem varðveitt hafa byggðirnar, eflt þær og styrkt á hverjum tíma og reyndar einnig öllum þeim sem á nýrri öld og í árdaga nýs árþúsunds munu efla sókn fjórðungsins til framfara og farsældar.

Ég þakka ykkur, prestum, sóknarstjórnnum og söfnuðum fyrir að efna til þessarar hátíðar og það er með þakklæti í huga og fögnuð í hjarta sem við komum hér saman.

Ég færi ykkur alúðarþakkir fyrir samverustund á sögulegum degi og vona að Kristnihátíð verði okkur og þjóðinni allri ríkulegur efniviður í umhugsun um leið og við óskum kristni og kirkju, íslenskri þjóð heilla og velfarnaðar um ókomna tíð.